

# Miðstöð slysavarna barna

Er öryggi barna tryggt á heimilinu?

Farðu í gegnum gátlistann til þess að öryggi barna yngri en 6 ára sé tryggt á heimilinu. Gátlistinn virkar þannig að ef svarið við spurningunni er „Já“ er atriðið í lagi en ef svarið er „Nei“ þarf að lagfæra eða bæta úr viðkomandi atriði. Mælt er með að amma og afi skoði líka sitt heimili.

## Eldhús

Já Nei

|                                                                                 |  |  |
|---------------------------------------------------------------------------------|--|--|
| Eru hnífar, skæri og þess háttar áhöld geymd í hirslu með öryggislæsingunni?    |  |  |
| Er eldavélin fest við vegg?                                                     |  |  |
| Er hurðin á bakaraofninum með kælingu þannig að hún hitni ekki að utan?         |  |  |
| Eru takkar á eldavél varðir þannig að barn komist ekki í þá?                    |  |  |
| Er öryggislæsing á hurð bakaraofns?                                             |  |  |
| Er hlíf fyrir eldavélaborði/hellu eða eru eingöngu aftari hellurnar notaðar?    |  |  |
| Eru heimilistæki staðsett þannig að ung börn komist ekki að þeim?               |  |  |
| Er gengið frá snúrum þannig að barn geti ekki togað tæki yfir sig?              |  |  |
| Eru efni fyrir uppbvottavél og önnur hreinsiefni í efri skáp eða læstri hirslu? |  |  |
| Eru lyf og vítamíntöflur í efri skáp eða læstri hirslu?                         |  |  |
| Eru plastpokar og plastfilmur geymd þar sem börn ná ekki til?                   |  |  |
| Er matarstóll barnsins með beisli og festingu við borðið?                       |  |  |
| Er öryggislæsing á ísskápnum?                                                   |  |  |
| Er hitastillir á blöndunartækjum í eldhúsi?                                     |  |  |
| Er oddi hnífa og hvassra áhalda snúið niður við frágang í uppbvottavél?         |  |  |

## Baðherbergi

Já Nei

|                                                                                       |  |  |
|---------------------------------------------------------------------------------------|--|--|
| Eru rakvélar og þess háttar áhöld geymd í hirslu með öryggislæsingunni eða efri skáp? |  |  |
| Eru snyrtivörur og hreinsiefni í hirslu með öryggislæsingunni eða efri skáp?          |  |  |
| Er hálkumotta/strimlar í baðkari/sturtubotni?                                         |  |  |
| Er hitastillir á blöndunartækjum í sturtu, baði og handlaug?                          |  |  |
| Eru hárpurrka og önnur rafmagnstæki geymd þar sem börn ná ekki til?                   |  |  |
| Er skiptiborð stöðugt, með öryggisól og háum hliðum?                                  |  |  |
| Er skemill fyrir barnið við vask stöðugur?                                            |  |  |
| Er öryggislæsing á klósettsetu?                                                       |  |  |

## Barnaherbergi

Já Nei

|                                                                  |  |  |
|------------------------------------------------------------------|--|--|
| Er skápar, hillur og kommóður fest við vegg?                     |  |  |
| Er loftljós í barnaherbergi úr óbrjótanlegu efni?                |  |  |
| Er lampi við rúm barnsins fastur við vegg?                       |  |  |
| Er mottur á gólfi stöðugar?                                      |  |  |
| Er leikföng heil og hæfa þroska og aldri barnsins?               |  |  |
| Er koja með fallvörn?                                            |  |  |
| Er bil á milli þrepa á kojunni minna en 9 cm eða meira en 23 cm? |  |  |
| Er bil á milli rimla í rimlarúmi 6 cm eða minna?                 |  |  |

## Stigar

Já Nei

|                                                              |  |  |
|--------------------------------------------------------------|--|--|
| Er öryggishlið fyrir stigaopum, bæði uppi og niðri?          |  |  |
| Er bil á milli rimla minni en 9 cm?                          |  |  |
| Er bil á milli handriðs og gólfs minna en 9 cm?              |  |  |
| Er þrep í stiga stöm?                                        |  |  |
| Ef op eru á milli þrepa, eru þau þá minni en 9 cm?           |  |  |
| Er handriðið hannað þannig að barn getur ekki klifrað í því? |  |  |
| Er lágmarkshæð handriðs 90 cm?                               |  |  |

## Gluggar og gler

Já Nei

|                                                                |  |  |
|----------------------------------------------------------------|--|--|
| Er opnanleg fög á gluggum minni en 9 cm?                       |  |  |
| Er stormjárn klemmufrí?                                        |  |  |
| Er öryggisgler í hurðum og borðum með glerplötu?               |  |  |
| Er búið að stytta snúrur í gardinum eða setja upp öryggishjól? |  |  |

## Hurðir

Já Nei

|                                                                        |  |  |
|------------------------------------------------------------------------|--|--|
| Er klemmuvörn á útidyra- og svalahurð?                                 |  |  |
| Er pumpa á svalahurð?                                                  |  |  |
| Er öryggislæsing á svalahurð?                                          |  |  |
| Er klemmuvörn eða fingravinur á innihurðum sem skellast í gegnumtrekk? |  |  |

## Rafmagn og rafmagnstæki

Já Nei

|                                                                        |  |  |
|------------------------------------------------------------------------|--|--|
| Virkar lekastraumrofinn á heimilinu?                                   |  |  |
| Eru innstungur öruggar (ekki hægt að stinga inn í þær skörpum hlutum)? |  |  |
| Eru gamlar innstungur með öryggislæsingu?                              |  |  |
| Er sjónvarpstækið fest á flötinn sem það stendur á eða á vegg?         |  |  |
| Er þvottaherbergið læst?                                               |  |  |
| Eru rafmagnssnúrur vegggljósar fastar við vegg?                        |  |  |

## Almenn öryggisatriði á heimilinu

Já Nei

|                                                               |  |  |
|---------------------------------------------------------------|--|--|
| Eru skarpar brúnir miðstöðvarofna varðar?                     |  |  |
| Eru öryggishlífar á skörpum hornum á húsgögnum?               |  |  |
| Eru hillusamstæður og skápar fest við vegg?                   |  |  |
| Eru skotvopn geymd óhlaðin og í læstum byssuskápum?           |  |  |
| Er sjúkrakassinn á aðgengilegum stað á heimilinu?             |  |  |
| Eru mottur á gólfum stöðugar og ekki undið upp á hliðar/enda? |  |  |

## Brunavarnir á heimilinu

Já Nei

|                                                                          |  |  |
|--------------------------------------------------------------------------|--|--|
| Eru eldspýtur og kveikjarar í hirslu með öryggislæsingu eða í efri skáp? |  |  |
| Er til flóttáætlun fyrir heimilið t.d. ef eldsvoði kemur upp?            |  |  |
| Eru reykskynjarar á heimilinu og eru þeir virkir?                        |  |  |
| Eru slökkvitæki á heimilinu sem virka?                                   |  |  |
| Er eldvarnateppi á heimilinu?                                            |  |  |
| Er virkur gasskynjari á heimilinu (þar sem gastæki eru notuð)?           |  |  |
| Er neyðarnúmerið 112 við símann?                                         |  |  |
| Kunna allir á heimilinu að hringja í Neyðarlínuna?                       |  |  |